

AUGLÝSING um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Sveitarfélagsins Voga.

Með vísan til 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónlistarskóla Sveitarfélagsins Voga, sem samþykkt var af bæjarstjórn Voga hinn 26. maí 2011 og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 7. júlí 2015.

Illugi Gunnarsson.

Jón Vilberg Guðjónsson.

Fylgiskjal.

Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Sveitarfélagsins Voga.

1. gr.

Tónlistarskóli Sveitarfélagsins Voga var stofnaður 23. ágúst 2010.

2. gr.

Skólinn er með heimili og varnarþing í Sveitarféluginu Vogum.

Skólinn er rekinn af Sveitarféluginu Vogum.

3. gr.

Skólinn skal fullnægja gildandi lögum og reglugerðum um starfsemi tónlistarskóla, sem og ákvæðum aðalnámskrár tónlistarskóla.

4. gr.

Markmið skólans er að efla almenna tónlistarbekkingu og iðkun tónlistar, auk þess að stuðla að eflingu tónlistarlífs í Sveitarféluginu Vogum. Markmiði sínu hyggst skólinn ná með því að meðal annars:

- a) halda uppi kennslu í sem flestum greinum tónlistar, þar sem börnum jafnt sem fullorðnum gefst kostur á að stunda tónlistarnám eftir því sem aðstæður leyfa. Þær greinar tónlistar sem leggja á áherslu á í starfsemi skólans eru nú blokkflauta, ásláttarhljóðfæri, píanó, gítar, ukulele og tónfræði.
- b) hafa samvinnu við aðra skóla, mennta- og uppeldisstofnanir um þessa fræðslu.
- c) búa nemendum sem fjölbreyttust skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu.
- d) búa nemendur undir tónlistarnám á háskólastigi.
- e) leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariökunar með þátttöku nemenda í samleik og hljóm-sveitarstarfi.
- f) öll börn í 2. og 3. bekk grunnskólans fái nám í forskóladeild sér að kostnaðarlausu.
- g) nemendum tónlistarskólans, sem eru í 2.-10. bekk grunnskólans, sé gefinn kostur á að stunda tónlistarnám sitt sem hluta af samfelldum skóladegi.

Nemendur sækja um skólavist í maí til ágúst. Allar umsóknir skulu vera skriflegar og auk þess staðfestar af foreldri/forráðamanni ef nemandi er yngri en 18 ára.

Innritað er að hausti fyrir allt skólaárið.

Ef biðlisti myndast ræðst forgangsröð af eftirfarandi atriðum:

1. Framboði af kennurum.

2. Nemendur sem stundað hafa nám við skólann sl. ár með viðunandi árangri fá áframhaldandi nám.
3. Nemendur sem stundað hafa tónlistarnám í öðrum tónlistarskólum veturinn áður eru teknir inn á undan nýnemum.
4. Hvaða hljóðfæri eru í boði og laus til útláns. Ekki er hægt að hefja nám á einstök hljóðfæri fyrir en ákveðnum aldri er náð.

5. gr.
Skólareglur.

Skólareglur eru eftirfarandi:

1. Nemendum og kennurum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir. Tilkynna ber forföll á skrifstofu skólans.
2. Almenn háttvísi er áskilin.
3. Nemandi skal koma vel undirbúinn í tíma.
4. Kennara er ekki skylt að bæta upp þær kennslustundir er kunna að falla niður vegna veikinda hans eða nemanda. Veikist kennari til langs tíma reynir skólinn að útvega forfallakennara.
5. Nemendur/kennrarar skulu ganga vel og snyrtilega um skólann og eigur hans.
6. Góð umgengni og góð meðferð hljóðfæra er áskilin. Nemendum er bannað að lána hljóðfæri sem þeir eru með á leigu. Viðhald hljóðfærис á lánstímanum og skemmdir af völdum slæmrar meðferðar eru á kostnað nemenda.
7. Mæti nemandi ekki í tvær kennslustundir í röð án forfallatilkynningar skal kennari hafa samband við foreldra/forráðamenn og skólastjóra.
8. Nemanda ber að mæta á alla tónfundum, samspilstíma og tónfræðatíma sem honum er ætlað.
9. Skírteini um áfangapróf/stigspróf taka ekki gildi fyrir en samhliða tónfræðagreinum er lokið.
10. Snyrtilegur klæðnaður og prúðmennska nemenda/kennara skal ávallt viðhöfð á tónleikum skólans.

6. gr.

Starfstími skólans er níu og hálfur mánuður og skal kennsla vera samkvæmt gildandi kjara-samningi hverju sinni. Leitast skal við að samræma starfstíma tónlistar- og grunnskóla eins og kostur er.

7. gr.

Fraðslunefnd fer með málefni tónlistarskóla skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og reglugerð bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga um tónlistarskóla. Fjárhags-áætlanir og reikningar skólans skulu lagðir fyrir fræðsluráð til upplýsingar og umsagnar.

8. gr.

Skólastjóri Stóru-Vogaskóla hefur faglegt og rekstrarlegt eftirlit með starfsemi tónlistarskóla og gerir tillögu að fjárhagsáætlun og breytingum á gjaldskrá tónlistarskólans í samvinnu við fræðslu-nefnd.

9. gr.

Skólastjóri fer með daglega stjórnun skólans og ber ábyrgð á henni. Hann fer einnig með og ber ábyrgð á faglegri stjórnun.

Skólastjóri skal starfa í nánum tengslum við bæjaryfirvöld og fræðslunefnd.

Skólastjóra ber að framfylgja ákvörðunum bæjaryfirvalda eða fulltrúa þeirra.

Skólastjóri ráðstafar húsnaði og hefur yfirumsjón með eignum skólans.

Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans gagnvart starfsmönnum, nemendum og foreldrum þeirra svo og aðilum utan skólans.

Skólastjóri skal skila vinnuskýrslum starfsmanna til launadeilda og árita reikninga vegna rekstrar og innkaupa.

Skólastjóri ber ábyrgð á að skólastarfið sé í samræmi við reglugerð þessa. Næsti yfirmaður skólastjóra er bæjarstjóri.

10. gr.

Við skólann starfa stundakennari, auk deildastjóra sem er fastur kennari og er deildastjórinn skólastjóra til fulltingis við stjórnun skólans og ákvarðanatöku. Skólastjóri ræður deildastjóra og kennara í samræmi við heimildir kjarasamninga og fjárhagsáætlun skólans.

11. gr.

Rekstur skólans skal miðast við fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga hverju sinni. Fjármagn til rekstursins kemur úr bæjarsjóði og með innheimtu skólagjálða nemenda. Reikningsár skólans miðast við almanaksár.

Skólastjóri gerir tillögur að fjárhagsáætlun fyrir skólann ár hvert og leggur hana fyrir fræðslunefnd.

12. gr.

Skólagjöld eru ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum skólastjóra og fræðslunefndar Sveitarfélagsins Voga.

Skólagjöld skulu greidd fyrir allt skólaárið í einu, um leið og nemandi innritast í skólann og innheimt samkvæmt greiðslusamningi.

Sú meginregla skal gilda að skólagjöld skuli aðeins endurgreidd ef nemandi þarf að hætta námi vegna veikinda eða brottflutnings.

13. gr.

Bæjarskrifstofa fer með allt reikningshald skólans og aðstoðar við skrifstofuvinnu.

Hún annast allar greiðslur fyrir skólann samkvæmt reikningum samþykktum af skólastjóra eða öðrum þeim starfsmönnum sem hafa rétt eða umboð til þess.

14. gr.

Reglugerð þessi var samþykkt af fræðslunefnd Sveitarfélagsins Voga þann 2. maí 2011 og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga 26. maí 2011.